



Vestmannaeyjabær

Sjávarútvegsnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 133/844
komudagur 8.2.2007

Vestmannaeyjum 6. febrúar 2007.

Útskrift úr fundargerð bæjarráðs Vestmannaeyja frá 6. febrúar 2007.

3. mál.

Fyrir lá tölvupóstur frá sjávarútvegsnefnd Alþingis dags. 30. janúar sl. vegna beiðni um umsögn varðandi breytingar á lögum nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða.

Frumvarp til laga um breytingu nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða – skilgreining á veiðum í atvinnuskyni.


Bæjarráð fagnar frumvarpinu og telur það styrkja fyrirtæki í sjávarútvegi og stuðla að aukinni vernd auðlindarinnar.

Frumvarp til laga um breytingu - úthlutun á byggðarkvóta

Bæjarráð telur það óeðlilegt að flytja aflaheimildir milli byggðarlaga án þess að til komi bætur til þess sveitarfélags þar sem skerðing verður og telur að endurskoða þurfi allar forsendur fyrir styrkjum til stuðnings byggðarlögum vegna samdráttar í sjávarútvegi.

Undir fundargerðina rita.
Páley Borgþórsdóttir (sign.)
Páll Scheving (sign.)
Páll Marvin Jónsson (sign.)
Elliði Vignisson (sign)

Rétta útskrift staðfestir,


Jóhanna Margrét Þórðardóttir,
Þjónustufulltrúi.

RÁÐHÚSINU
902 VESTMANNAEYJUM
PÓSTHÓLF 60
SÍMI 488-2000
TELEFAX 488-2001
KENNITALA 690269-0159